

Teak Restorer

Tekkhreinsir



Efnislýsing

International Teak Restorer er hreinsiefni sem inniheldur oxalsýru og er sérstaklega ætlað fyrir tekk og annan harðvið. Það hentar bæði innan- og utandyra. Efnið hreinsar upp gamlar olíur og óhreinindi en hjálpar viðnum einnig að endurheimta náttúrulegan viðarlit án þess að skemma hann. Það á við hvort sem um er að ræða innihúsgögn, garðhúsgögn, eða þilför úr tekki. Teak Restorer skemmir ekki trefjagler, lakk, málningu eða ál og er lífrænt niðurbjótanlegur.

Meðhöndlun

- Þegar viðurinn er illa farinn, orðinn grár eða með föstum óhreinindum skal nota Teak Restorer. Bleytið viðinn með vatni.
- Hristið hreinsiflöskuna vel fyrir notkun og berið á viðarflötinn með tusku eða svampi.
- Látið standa á viðnum í 10-15 mínútur og skrúbbið yfirborðið þvert á vígindin. Nota má húsgagnastálull ef þarf. Þvoið viðinn með hreinu vatni í lokin. Endurtakið þessa aðgerð eftir þörfum.
- Við þvottinn getur viðurinn ýfst upp. Ef það gerist skal strjúka yfir flötinn með sandpappír nr. 220 og hreinsa slípykið af.
- Að lokinni hreinsun þarf að næra viðinn með tekkolíu. Til þess að best til takist þarf viðurinn að vera hreinn og þurr. Berið 1-2 þunnar umferðir á flötinn af International Teak Oil með pensli eða tusku og þurkið umframolíu af eftir 10 mínútur. Snertið ekki viðinn fyrr en olían er orðin þurr.

Athugið: Kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta í þeim með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Tegund: Hreinsiefni
Til notkunar: Innan- og utanhúss
Litur: Glær
Þéttleiki: 0,99 kg/dm³
Verkfæri: Tuska og svampur
Loft-/yfirborðshiti við málun: 5-35°C
Hreinsun: Vatn
Umbúðir: 0,5 lítra flöskur
Geymsla: Í frostfríu rými
Rokgjörn lífræn efni: 0 g/l